

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Sandgerði, 15. nóvember 2018

Efni: Umsögn Samtaka náttúrustofa um tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarp til laga um skóga og skógrækt, 231. mál.

Vísað er til erindis nefndarsviðs Alþingis dags. 1. nóvember sl. þar sem náttúrustofum er gefinn kostur á að veita umsögn um tillögu umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til frumvarps til laga um skóga og skógrækt.

Samtök náttúrustofa fagna endurnýjun laga um skóga og skógrækt en vilja koma á framfæri:

- Að skýr greinarmunur verði gerður á vistheimtarskógrækt (með innlendum tegundum) og nytjaskógrækt (með framandi tegundum). Í lögum verði lögð áhersla á hið fyrrnefnda en skýr rammi settur um hið síðarnefnda.
- Að skipulag skógræktar taki mið af því að ganga ekki á búsvæði sem teljast mikilvæg í vistfræðilegu tilliti (s.s. mikilvæg búsvæði mófugla – mólendi og votlendi).

Virðingarfyllt, f.h. Samtaka náttúrustofa

Sindri Gíslason

Sindri Gíslason, formaður SNS
